

FUM, stjórnarfundur

24. mars. 2015 (kl. 11:30-12:30)

Mættir: Amalía Björnsdóttir formaður (FUM), Ásgrímur Angantýsson (varamaður), Børkur Hansen, Elsa Eiríksdóttir, Guðný Helga Gunnarsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir.

Dagskrá

1. Stjórn skiptir með sér verkum:

Amalía Björnsdóttir formaður, Børkur Hansen ritari, Elsa Eiríksdóttir meðstjórnandi, Guðný Helga Gunnarsdóttir gjaldkeri og Hafdís Guðjónsdóttir meðstjórnandi.

2. Útgáfa Tímarits um menntarannsóknir:

Gjaldkeri rakti skuldir og samskipti við Háskólaútgáfuna (HÚ). Ákveðið að halda fund með fjármálastjóra HÍ og framkvæmdastjóra Háskólaútgáfunnar um stöðu mála. Rætt var um að reyna að ná fundi með þessum aðilum sem fyrst en í ljósi þess sem þar kæmi fram væri hægt að taka ákvörðun um framhaldið, þ.e. hvort halda ætti áfram samstarfi við HÚ eða rifta samningum við hana. Formaður ætlaði að boða til fundarins og taka gjaldkera og ritara með sér á fundinn eftir aðstæðum viðkomandi. Hafdís Guðjónsdóttir samþykkti að vera til taks ef einhver ofangreindra kæmist ekki á fundinn.

Fleira ekki gert.

Formaður boðar til næsta fundar í apríl.

Børkur Hansen